

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 17. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	4.258
2000 – 4000 l	4.969
4000 – 6000 l	5.893

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.841 á rúmmetra við losun.

Þurfi að nota barka lengri en 50 m er innheimt álag við hverja losun kr. 5.681.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt 50% álag á tæmingargjald.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við eftirtaldar vísitölur. Gjaldið mun að hálfum hluta fylgja vísitölu byggingarkostnaðar (08 Vélavinnna, akstur og uppfylling) og að hálfum hluta launavísitölu. Byggingarvísitala 08, desembermánaðar 2005 er lögð til grundvallar og er hún 402,6 stig og launavísitala októbermánaðar 2005 er lögð til grundvallar og er hún 270,6 stig.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar eftir seinni umræðu þann 14. desember 2006.

Borgarnesi, 10. janúar 2007.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007